



# Talnabrunnur

## Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

## Dánartíðni og dánarorsakir 2022

Tölulegar upplýsingar um dánartíðni og dánarorsakir landsmanna hafa verið uppfærðar og gefnar út á vef embættis landlæknis. Nýjustu tölur um dánarorsakir eru fyrir árið 2022. Tölfræði um dánarorsakir byggir á gögnum dánarmeinaskrár en í hana eru skráðar nákvæmar upplýsingar af dánarvottorðum, svo sem læknisfræðilegar upplýsingar um dánarorsök og hvernig andlát bar að.

Dánarorsakir eru flokkaðar og kóðaðar samkvæmt alþjóðlegri tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD) frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og hefur frá árinu 1996 verið notast við 10. útgáfu flokkunarkerfisins, ICD-10, og reglulegar [uppfærslur](#) þess.

Í dánarmeinaskrá eru skráðar upplýsingar af dánarvottorðum allra einstaklinga sem deyja hér á landi sem og af dánarvottorðum einstaklinga sem deyja erlendis en eiga lögheimili á Íslandi við andlát. Opinberar tölur um dánarorsakir byggja þó aðeins á upplýsingum um einstaklinga sem áttu lögheimili á Íslandi við andlát, hvort sem andlátíð átti sér stað á Íslandi eða í öðru landi. Þannig eru upplýsingar um einstaklinga sem látast hérlendis en eiga lögheimili erlendis, ekki inn í opinberum tölum um dánarorsakir.


Nema annað sé tekið fram, byggir tölfræðin á undirliggjandi dánarorsök. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir undirliggjandi dánarorsök sem þann sjúkdóm eða slys sem setti af stað keðju sjúkdóma eða atburða sem leiddu með beinum hætti til dauða, eða þær aðstæður sem tengjast slysi eða ofbeldisverki sem olli hinum banvæna áverka.

### Heildardánartíðni

Árið 2022 létust 2.693 einstaklingar með lögheimili á Íslandi við andlát, 1.365 karlar og 1.328 konur. Heildardánartíðnin var 705 látinir á hverja 100.000 íbúa, 694 hjá körlum og 716 hjá konum. Hlutfall látinna undir sjötugu var 22% af heildarfjölda látinna, 27% hjá körlum og 18% hjá konum, sem er svipað og meðaltal síðustu tíu ára.

Ef aldursstöðluð dánartíðni síðustu ára er skoðuð má sjá hvernig heildardánartíðnin hefur þróast undanfarinn aldarfjórðung (mynd 1). Með aldursstöðlun er leiðrétt fyrir ólíkri aldursmáningu þjóðarinnar á hverjum tímamarki.

Þrátt fyrir nokkrar sveiflur á tímabilinu hefur dánartíðnin heilt yfir lækkað jafnt og þétt, einnig á fyrstu tveimur árum Covid tímabilsins (2020 og 2021). Dánartíðnin jókst svo nokkuð á milli árána 2021 og 2022, en fjöldi andláta vegna COVID-19 (213) á árinu 2022 vegur þungt í þeirri aukningu.




Mynd 1. Aldurstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna allra dánarorsaka, 1996-2022.


## Dánarorsakir

Í árlegri birtingu embættis landlæknis er meðal annars gerð grein fyrir dánarorsökum samkvæmt 65 atriða útgáfu evrópska stuttlisans. Hér að neðan má sjá sjö algengustu flokka dánarorsaka samkvæmt flokkun stuttlisans hjá bæði körlum (mynd 2) og konum (mynd 3).

Eins og sjá má dóu flestir karlar úr blóðrásarsjúkdómum (28,4%) árið 2022 og flestar konur létust úr æxlum (25,5%). Æxli var annar stærsti flokkur dánarorsaka hjá körlum (25,9% andlátá) og blóðrásarsjúkdómar annar stærsti flokkurinn hjá konum (24,8% andlátá). Vegna fjölda COVID-19 andlátá á árinu 2022 raðar flokkur smit- og sníkjasjúkdóma sér óvenju hátt bæði hjá körlum (8,8%) og konum (9,7%).



Mynd 2. Hlutfall látinna karla árið 2022 eftir algengustu flokkum dánarorsaka.




Mynd 3. Hlutfall látinna kvenna árið 2022 eftir algengustu flokkum dánarorsaka.


Þegar horft er til síðustu tíu ára, 2013-2022, má sjá að helstu dánarorsakir raða sér í heildina með svipuðum hætti og árið 2022, að undanskildum flokki smit- og sníklasjúkdóma á árinu 2022, sem fyrr segir. Þegar dánarorsakir eru greindar nánar eftir aldri má sjá að dreifing dánarorsaka er alla jafna talsvert breytileg eftir aldri (myndir 4 og 5).

Í aldurshópnum 0-34 ára voru ytri orsakir áverka og eitrana algengasta dánarorsökin á tímabilinu, 52% af 593 andlátum. Undir ytri orsakir falla meðal annars slys og önnur óhöpp og sjálfsvíg. Á þessum aldri dóu fleiri karlar (60%) en konur (36%) af ytri orsökum. Á aldrinum 35-64 ára dóu flestir úr æxlum (42%) og er hlutfallið nokkru hærra hjá konum (56%) en körlum (33%). Æxli eru einnig algengasta dánarorsökin í aldurshópnum 65-79 ára.

Hér að neðan má sjá nánar hvernig flokkar dánarorsaka skiptast hlutfallslega eftir aldurshópum hjá körlum (mynd 4) og konum (mynd 5) sem létust á árunum 2013-2022. Heildarfjölda látinna á tímabilinu er getið í sviga við hvern aldurshóp.



Mynd 4. Hlutfall látinna karla árin 2013-2022 eftir aldri og algengustu flokkum dánarorsaka.



Mynd 5. Hlutfall látinna kvenna árin 2013-2022 eftir aldri og algengustu flokkum dánarorsaka.

## Illa skilgreindar orsakir

Síðustu tíu árin hefur hlutfall andláta vegna illa skilgreindra orsaka (ICD-10: R00-R99) verið 1,5% af öllum andlátum einstaklinga með íslenskt lögheimili og er það hlutfall nokkuð breytilegt eftir aldri og kyni (myndir 4 og 5). Er hlutfallið hvað hæst í yngsta aldurshópnum og á það við um bæði kyn.

Á hverju ári deyr fjöldi einstaklinga, með lögheimili á Íslandi, á erlendri grundu (65 árið 2022). Oft er litlar sem engar upplýsingar að hafa um dánarorsök á þeim erlendu dánarvottorðum eða tilkynningum sem berast embættinu. Þessi andlát eru samt sem áður skráð í dánarmeinaskrá og meðtalin í opinberum tölum. Í þessum hópi eru rúm 62% andláta vegna illa skilgreindra orsaka en hlutfallið er undir hálfu prósentu hjá þeim sem deyja hér á landi.


## COVID-19 og umframdánartíðni

Skráning andláta vegna COVID-19 var samræmd á alþjóðavísu árið 2020 til þess að auðvelda samanburð milli landa. Alls létust 213 einstaklingar með skráð lögheimili hér á landi vegna COVID-19 (ICD-10 kóði U07) árið 2022, 104 karlar og 109 konur. Af þeim 213 sem létust voru fimm undir sextugu, 59 á aldrinum 60-79 ára og 149 (70%) voru 80 ára eða eldri.

Árið 2021 létust 6 einstaklingar vegna COVID-19 og 30 árið 2020. Á vef embættis landlæknis má finna [mælaborð um umframdánartíðni og COVID-19 andlát](#) sem uppfært er reglulega.

Umframdánartíðni er mælikvarði á andlát, af öllum orsökum, umfram það sem búast mætti við fyrir tiltekið tímabil. Árið 2022 var heildardánartíðnin 8,9% hærrí en að meðaltali á átta ára tímabili fyrir COVID-19 (2012-2019). Árið 2022 létust 705 á hverja 100.000 íbúa en dánartíðnin var 647 á hverja 100.000 á viðmiðunartímabilinu. Ef andlát vegna COVID-19 eru undanskilin er dánartíðni ársins 2022 sú sama og árin fyrir COVID-19. Árin 2020 og 2021 var dánartíðnin lægri en á viðmiðunartímabilinu 2012-2019 (um 3% lægri hvort ár).

Þegar dánartíðnin í hverjum mánuði er borin saman við dánartíðnina eins og hún var að meðaltali í hverjum mánuði árin 2012-2019 má sjá að almennt sveiflast dánartíðnin nokkuð á milli mánaða. Umframdánartíðnin var mest í mars (39%), júlí (27%) og desember (14%) árið 2022. Eins og sjá má á mynd 6 var þó aðeins marktækur munur á dánartíðninni í mars (fyrir ofan 95% öryggisbil) og nálægt því í júlí. Ef andlát vegna COVID-19 eru undanskilin lækka þessir toppar verulega (mynd 6).



**Mynd 6.** Fjöldi látinna á hverja 100.000 íbúa eftir mánuðum árin 2020, 2021, 2022 og 2023. Annars vegar andlát af öllum orsökum og hins vegar af öllum orsökum nema COVID-19.

Mánaðarlegar fréttatilkynningar Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) um umframdauðsföll hafa reglulega ratað í fréttir á Íslandi. Mánaðarlegar tölur á vef stofnunarinnar byggja á vikulegum dánartölum sem Hagstofa Íslands miðlar fyrir Íslands hönd. Í kjölfar fréttar Eurostat um 21,5% umframdauðsföll á Íslandi í september 2022 komst embætti landlæknis, í samstarfi við Hagstofu Íslands, að því að aðferðir Eurostat við áætlun á mánaðarlegri dánartíðni hafi í einstaka mánuðum valdið verulegu ofmati á dánartíðni hér á landi. Þar skipti miklu að Eurostat áætlaði of mikla seinkun í skráningu dauðsfalla í nýjustu gögnum fyrir Ísland, sem varð til þess að fjöldi látinna varð ofáætlaður. Þannig var áætlað að nýjasta vikan í innsendum gögnum frá Íslandi innihéldi aðeins 60% af raunfjölda andlátá (60% þekjun). Eurostat virðist nú, eftir ábendingar Hagstofu Íslands, hafa uppfært áætlaða þekjun í nýjustu vikum innsendra gagna upp í 99,3% (sjá [lýsigögn](#)).

Eftir stendur hins vegar að Eurostat byggir á vikulegum tölum og áætlar mánaðarlegan fjölda látinna út frá þeim. Enn fremur taka tölur Eurostat ekki tillit til íbúafjölda en frá upphafi árs 2016 hefur íbúafjöldi hér á landi aukist um yfir 55 þúsund, sem er mikil breyting fyrir fámenna þjóð. Embætti landlæknis hefur því í umfjöllun sinni um umframdauðsföll á Íslandi lagt áherslu á að nota umreiknaðar tölur út frá íbúafjölda, samanber tölur í [mælaborði embættisins](#).

## Aldurstöðluð dánartíðni valinna dánarorsaka


Embætti landlæknis tekur einnig saman tíu valdar dánarorsakir í árlegri birtingu sinni. Þar er dánartíðnin aldurstöðluð á hverja 100.000 íbúa en dánartíðni sem hefur verið stöðluð með þessum hætti leiðréttir mun sem kann að vera til staðar vegna ólíkrar aldursamsetningar í samfélögum frá einum tíma til annars. Fyrir aldursstaðlaðar tölur er notast við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014 sem staðalþýði fyrir bæði karla og konur.

Á mynd 7 má sjá hvernig aldurstöðluð dánartíðni valinna orsaka hefur þróast yfir tíma, hjá bæði konum og körlum. Litlar breytingar á fjölda látinna á milli ára geta óhjákvæmilega valdið nokkrum sveiflum í dánartíðni hjá fámennri þjóð, einkum þegar horft er til einstakra og jafnvel fátíðra dánarorsaka. Vegna þessa er mikilvægt að túlka tölur einstakra ára af varúð enda getur verið um tilviljanakenndar sveiflur að ræða.

Í efsta grafinu á mynd 7 má sjá aldursstaðlaða dánartíðni vegna algengustu sjúkdómaflokkanna, þ.e. illkynja æxla og hjartasjúkdóma. Árið 2022 var aldurstöðluð dánartíðni karla vegna illkynja æxla 182,2 á hverja 100.000 íbúa og dánartíðni kvenna var 153,9. Dánartíðnin jókst aðeins frá fyrra ári hjá bæði körlum og konum. Sé horft til síðustu 20 ára, 2003-2022, má sjá að dánartíðnin hefur dregist saman um 14% hjá körlum og 18% konum.

Þegar hjartasjúkdómar eru annars vegar létust nokkuð fleiri karlmenn (161,3/100.000) vegna þeirra heldur en konur (91,7/100.000) árið 2022. Dánartíðnin jókst aðeins frá fyrra ári hjá bæði körlum og konum en dánartíðnin hefur á síðustu 20 árum dregist saman um 42% hjá körlum og 41% hjá konum.


Á mynd 7 má sjá þróun fleiri valinna dánarorsaka sem og í töflum á [vef embættis landlæknis](#).



Mynd 7. Aldurstöðluð dánartíðni tíu valinna dánarorsaka árin 1996-2022, á 100.000 íbúa.


## Dánir á Íslandi með lögheimili erlendis

Að framan hefur verið gerð grein fyrir andlátum einstaklinga með lögheimili á Íslandi við andlát. Í dánarmeinaskrá eru þó einnig skráð andlát einstaklinga sem létust hér á landi en áttu lögheimili erlendis. Á árunum 2013-2022 bárust embætti landlæknis árlega 15 til 37 dánarvottorð vegna einstaklinga sem dóu á Íslandi en áttu lögheimili erlendis (sjá mynd 8).



Mynd 8. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir ári og kyni, 2013-2022.

Á árinu 2022 létust 28 einstaklingar hér á landi með skráð lögheimili erlendis. Þegar litið er til síðustu tíu ára, 2013-2022, var fjöldinn samtals 273, þar af um 70% karlar. Eins og mynd 8 sýnir glöggst dóu fæstir með erlent lögheimili hér á landi árin 2020 og 2021 þegar í gildi voru miklar ferðatakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19. Á tímabilinu 2013-2022 var um fimmtungur látinna yngri en 35 ára, 44% 35-64 ára, 26% 65-79 ára og um 9% voru 80 ára eða eldri (mynd 9). Meðalaldur látinna var 54,9 ár.




Mynd 9. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir aldri og kyni, 2013-2022.

Í þessari samantekt eru andlát flokkuð á sambærilegan hátt og í [Hagtíðindahefti Hagstofu Íslands frá árinu 2010](#). Þannig er þeim sem létust á Íslandi 2013-2022 en áttu ekki lögheimili í landinu við andlát skipt í eftirfarandi flokka:

- Erlendir ferðamenn (205) – einstaklingar með lögheimili erlendis sem ekki eru í þjóðskrá
- Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis (33) – einstaklingar í þjóðskrá með íslenskt ríkisfang
- Látnir í loft- eða landhelgi (11)
- Einstaklingar skráðir í kerfiskennitöluskrá þjóðskrár (17) – einstaklingar sem dvelja skemur en 3-6 mánuði á Íslandi
- Aðrir (7) – í þessum flokki standa eftir einstaklingar í þjóðskrá með erlent ríkisfang

Flestir þeirra sem létust voru erlendir ferðamenn, alls 205 einstaklingar á umræddu tímabili (75%). Þá dóu 33 íslenskir ríkisborgarar sem áttu lögheimili erlendis (12%) og 17 einstaklingar á kerfiskennitöluskrá (6%). Innan loft- eða landhelgi Íslands létust 11 einstaklingar (4%) og 7 var ekki unnt að flokka í ofangreinda flokka (mynd 10).



Mynd 10. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir ári og flokkum, 2013-2022.

### Dánarorsakir einstaklinga með lögheimili erlendis

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir helstu dánarorsakir í hópi einstaklinga sem dóu á Íslandi á árunum 2013-2022 en voru með skráð lögheimili erlendis. Í heildina dóu flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (tæp 38%), næst flestir af ytri orsökum (37%) og æxli voru þriðja algengasta dánarorsökin (um 14%). Af þeim 101 sem létust af ytri orsökum á tímabilinu dóu flestir í slysum tengdum samgöngum, alls 35. Næstflestir létust í sjálfsvígum (13), óhappfall varð banamein 10 einstaklinga og sami fjöldi einstaklinga lést vegna óhappadrukknunar (10) og berskjöldunar fyrir náttúruöflum (10).

Ytri orsakir voru algengasta dánarorsök karla (40%) og sjúkdómar í blóðrásarkerfi algengasta dánarorsök kvenna (44%).

Í aldurshópnum 0-34 ára létust flestir af ytri orsökum, yfir 80% látinna. Í aldurshópnum 35-64 ára létust flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (41%) og næstflestir af ytri orsökum (rúmlega 34%). Meira en helmingur andláta í aldurshópnum 65-79 var vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi. Í elsta aldurshópnum, 80 ára og eldri, dóu einnig flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (9 af 25).

Í hópi erlendra ferðamanna voru algengustu dánarorsakirnar sjúkdómar í blóðrásarkerfi (40%) og ytri orsakir (40%). Meðalaldur látinna í þessum hópi var 55,3 ár. Meðalaldur látinna í hópi íslenskra ríkisborgara (með lögheimili erlendis) var 58,9 ár og voru æxli algengasta dánarorsökin (17 af 33 látnum, eða tæp 52%). Meðalaldur látinna í hópi einstaklinga



á kerfiskennitöluskrá var 43,8 ár og létust flestir í þeim hópi af ytri orsökum (10 af 17). Meðalaldur látinna í íslenskri loft- og landhelgi var 57,6 ár og létust flestir í þeim hópi úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (8 af 11).

Tafla 1. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir dánarorsök, kyni, aldri og flokkum, 2013-2022.

	Heild	Kyn		Aldur (ár)				Flokkur				
		Alls	Karlar	Konur	0-34	35-64	65-79	80+	Erlendir ferða-menn	Ísl. ríkisf.	Kerfis-kennit.-skrá	Loft-/land-helgi
Blóðrásarkerfi (I00-I99)	103	65	36	5	49	40	9	82	8	3	8	2
Ytri orsakir (V01-Y89)	101	76	24	46	41	13	1	82	8	10	0	1
Æxli (C00-D48)	37	25	11	2	20	11	4	14	17	2	2	2
Öndunarfæri (J00-J99)	8	5	3	0	2	1	5	5	0	1	1	1
Aðrar orsakir	24	17	7	4	7	7	6	22	0	1	0	1
Alls	273	188	81	57	119	72	25	205	33	17	11	7

## Tölfræði uppfærð árlega

Tölfræði um dánarorsakir er birt árlega eftir að skráningu og kóðun vottorða undangengins árs er lokið ásamt viðeigandi gæðaprófunum. [Birt efni má nálgast á vef embættis landlæknis.](#)

Jón Óskar Guðlaugsson

Sigríður Haralds Elínardóttir